

## LÖG

### um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum (fjarfundir nefnda).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2. másl. 1. mgr. 17. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nefndarmönnum er þó heimilt að taka þátt í nefndarfundi með notkun fjarfundarbúnaðar þegar sérstaklega stendur á, svo sem af heilsufars- eða sóttvarnarástæðum, vegna samgöngutrufllana eða veikinda aðstandenda eða þegar fundir eru haldnir utan starfsáætlunar þingsins. Forföll og notkun fjarfundarheimildar skal tilkynna nefndarritara með eins góðum fyrirvara og unnt er.

2. gr.

Við 2. másl. 22. gr. laganna bætist: eða tekur þátt í fundi samkvæmt heimild í 2. másl. 1. mgr. 17. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 11. nóvember 2020.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

*Katrín Jakobsdóttir.*